



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 22. ágúst 2023
2204119/001.02 GEF

Hinn 18. ágúst 2023 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr. 37/2023.

Málið varðaði ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogs um að skoða ekki mál vegna lokaúttektarvottorða vegna Álalindar 14 og lóða- og bílageymslufélags Álalindar 14-16 á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 56. gr. Mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að annmarkar hefðu verið á rökstuðningi byggingarfulltrúa hvað varðaði framsetningu og skýrleika. Hins vegar taldi úrskurðarnefndin að rökstuðningur byggingarfulltrúa hafi ekki verið slíkum annmörkum háð að leiða ætti til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar. Hafi byggingarfulltrúi lokið við lokaúttekt sem marki lok eftirlits hans við mannvirkjagerð og lokaúttektarvottorðið stæði óraskað. Þá hafi Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ekki séð ástæðu til afskipta af málinu. Var kröfu kærenda því hafnað.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur

